

## 154. fundur í stjórn Fræðslunetsins – símenntunar á Suðurlandi.

- haldinn í Fjölheimum 13.12.2022 kl. 16.30

Mætt: Sigursveinn Sigurðsson formaður, Valdimar Hafsteinsson, Hulda Kristjánsdóttir, Magðalena Jónsdóttir (í Teams) og Gils Einarsson og Eyjólfur Sturlaugsson framkvæmdastjóri.

### 1. Rekstraráætlun fyrir 2023

Framkvæmdastjóri fór yfir rekstraráætlun fyrir árið 2023. Ekki næst að nýta allan styrkinn 2022 frá Rannís vegna íslenskukennslu fyrir útlendinga. Tekjur, framlög og styrkir liggja fyrir að mestu fyrir árið 2023. Erfitt að áætla laun og launatengd gjöld vegna lausra kjara-samninga á árinu. Í áætlun er gert ráð fyrir færri stöðugildum en árið á undan. Gert er ráð fyrir svipaðri leigu á húsnæði starfseminnar í framlengdum samningi við Árborg. Tekjur eru alls áætlaðar 183.550.000 kr. og gjöld 177.780.000 kr. og því mismunur tekna og gjalda án fjármagnsliða 5.770.000 kr.

### 2. Vottanir Fræðslunetsins

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir þeim vottunum sem nýlega hafa farið fram og Fræðslunetið fer í gegnum á þriggja ára fresti. Vottanirnar eru Evrópska gæðamerkið eða EQM+ í fullorðins fræðslu og vottun um að vera fullgildur fræðsluaðili.

### 3. Starfsmannamál

Búið er að ráða verkefnastjóra í 100% starfshlutfall á Selfossi frá 1. desember. Einnig hefur verið ráðinn verkefnastjóri tímabundið vegna forfalla í 80% starf á Höfn í Hornafirði frá 1. desember í eitt ár. Rætt um þörf fyrir frekari kennslu á Vík til að mæta þjónustu fyrir erlenda íbúa og leiðir til að mæta þeirri þörf. Framkvæmdastjóra falið að taka samtal við sveitarstjóra í Vík um möguleika og/eða breytingar á þjónustu.

### 4. Önnur mál

- Fréttir úr starfseminni. Framkvæmdastjóri flutti stjórn helstu fréttir úr starfseminni.
- Akstursstyrkur framkvæmdastjóra.

Formanni stjórnar falið að ræða við framkvæmdastjóra um útfærslu uppsafnaðs akstursstyrks og að gera viðauka við ráðningarsamning.

*Eyjólfur Sturlaugsson vék af fundi undir þessum lið.*

Ekki fleira fyrir tekið og fundi slitið kl. 18:00

*Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð*